



Reykjavík 4. apríl 2022

Niðurstaða athugunar á útreikningi váttryggingaskuldar og starfssviði tryggingastærðfræðings TM trygginga hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá TM tryggingum hf. (félagið) í september 2021.

Markmið athugunarinnar var að fara yfir forsendur, aðferðir og ferli við útreikning váttryggingaskuldar og hvernig framkvæmd verkefna starfssviðs tryggingastærðfræðings væri háttað hjá félaginu. Í þessu sambandi var litið til krafna skv. ákvæðum laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vtsl.) og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35 (reglugerðin). Má þar einkum nefna kröfur sem varða útreikning váttryggingaskuldar, mat á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninginn, val á forsendum og aðferðum við útreikning, skjölun ferla og sannreyningu niðurstaðna, auk miðlun niðurstaðna til framkvæmdastjórnar og stjórnar.

Athuginin fór fram með yfirferð gagna og viðtölum við þá aðila sem starfa að, undirbúa eða fá upplýsingar um verkefni starfssviðs tryggingastærðfræðings. Má þar nefna tryggingastærðfræðing, en jafnframt var fundað með forstjóra og stjórnarformanni, auk aðila af tjónasviði. Samhliða var gerð athugun hjá dótturfélaginu TM líftryggingum hf.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í febrúar 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Að verklag við uppfærslu á stöðluðum tjónsfjárhæðum hafi verið ófullnægjandi með hliðsjón af kröfum til fullnægjandi gæða gagna, sbr. 1. mgr. 83. gr. vtsl. og einnig 1.-3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar. TM hefur brugðist við og telur fjármálaeftirlitið að úrbótum sé lokið.
- Að ekki hafi farið fram með formlegum hætti mat við beitingu hlutfallsreglu við mat á verðbótum tjónagreiðslna með einfölduðum útreikningum í samræmi við 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar.
- Að reglulegir fundir forstöðumanns starfssviðs tryggingastærðfræðings og forstjóra félagsins hafi ekki verið skjalfestir með fullnægjandi hætti, sbr. 39. gr. vtsl, sbr. einnig b-lið 1. mgr. 265. gr. reglugerðarinnar.